

# Út vil ek

ágúst 2018

## Lífveruleit – ný vídd í náttúruskoðun

*Snorri Sigurðsson – Umhverfissvið Reykjavíkurborgar*

Námskeiðið fjallar um lífveruleit – sem er íslenska heitið á „Bioblitz“, en það er vel þekkt erlendis sem viðburður þar sem hinn almenni borgari gerist náttúrufræðingur og kannar lífríkið í sinni heimabyggð. Á námskeiðinu verður greint frá eiginleikum og markmiðum lífveruleitar, kynnt til sögunnar ný vefsíða og gátt sem nýtist kennurum í náttúrufræði og farið á stúfana í Elliðaárdal og lífríkið skoðað í þaula. **Þetta er tveggja daga námskeið** og hentar vel fyrir kennara á mið- og unglíngastigi.

**Dagsetning:** 13. og 14.ágúst

**Tími:** 10:00 – 12:00

**Staðsetning:** Hlaðan í Gufunesbæ (13.ágúst) og Elliðaárdalur (14.ágúst)

---

## Könnunarleiðangur – Outdoor Journey

*Inga Ævarsdóttir grunnskólakennari með áherslu á útikennslu og útinám*

Námskeiðið fjallar um nýja aðferð þar sem nemendur fara út í nærumhverfi sitt og móta spurningar út frá áhuga sínum og því sem þeir sjá og upplifa. Því næst er komið inn og spurningunum svarað af nemendum sjálfum með ýmsum leiðum upplýsingaöflunar. Að lokum er svarið kynnt fyrir samnemendum með skapandi hætti.

Aðferðin miðast að því að kveikja áhuga og forvitni barna á viðfangsefnum námsins með því að fara út í nærumhverfið og leyfa þeim að spyrja spurninga. Aðferðin ýtir undir sjálfstæð vinnubrögð og skapandi hugsun auk þess sem hún getur haft áhrif á umhverfisvitund nemenda. Kennari skrifaði MA ritgerð um Könnunarleiðangur árið 2017. <https://skemman.is/handle/1946/28542>

**Dagsetning:** 13.ágúst

**Tími:** 13:00 – 15:00

**Staðsetning:** Hlaðan í Gufunesbæ

---

## Stærðfræðin í umhverfinu

*Guðrún María Ólafsdóttir – grunnskólakennari og verkefnastjóri hjá Miðstöð útvistar og útináms.*

Allt umhverfið okkar býður upp á stærðfræðilegar nálganir hvort sem er innan – eða utan dyra. Með því að færa stærðfræðinámið út fær nemandinn marga nýja möguleika við að leysa flókin verkefni m.a. í gegnum leik og sköpun. Á þessu námskeiði munu þátttakendur upplifa og vinna hin ýmsu verkefni utandyra sem tengjast formum, hæðum, brotum o.fl. hugtökum sem verið er að vinna með á yngsta- og miðstigi í grunnskólanum.

**Dagsetning: 8.ágúst**

**Tími: 10:00 – 12:00**

**Staðsetning: Hlaðan í Gufunesbæ**

---

## Hreyfifærni í náttúrulegu umhverfi – hvað hef ég og hvað get ég gert?

*Sabína Steinunn Halldórsdóttir, M.ed. Íþróttá- og heilsufræðingur*

*Höfundur bókarinnar Færni til framtíðar*

Hverjar eru grunnhreyfingar okkar og af hverju eru þær mikilvægar? Skiptir náttúran máli í hreyfinámi barna? Þetta eru allt spurningar sem leitast verður svara við og þátttakendur leita lausna við.

**Dagsetning: 8.ágúst**

**Tími: 13:00 – 15:00**

**Staðsetning: Hlaðan í Gufunesbæ**

---

## Náttúran í listinni og sköpun í náttúrunni

*Guðrún Gísladóttir myndmenntakennari*

Þátttakendur fá stutta kynning um kosti þess að færa listkennslu út í náttúruna. Í kjölfarið er boðið upp á verkstæðisvinnu þar sem þátttakendur fá tækifæri til að vinna nokkur verkefni sem byggja á tengslum myndlistar og náttúru. Efniviður er á staðnum.

**Dagsetning: 14.ágúst**

**Tími: 13:00 – 15:00**

**Staðsetning: Hlaðan í Gufunesbæ**

---